

Miðvikudaginn 25. janúar 1956.

Nr. 153/1955. Ákærvaldið (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Eric Raymond Dawson (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimanna-skólans markað á sjóupprátt stað dufls þess, sem varðskipið setti út, þar sem togari ákærða staðnæmdist kl. 06,25 hinn 12. júní 1955. Reyndist staður þessi vera 0,6—0,7 sm fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem þar er vitnað til. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi íslenzku krónunnar hefur eigi breytt frá uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu þessa dóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Eric Raymond Dawson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 14. júní 1955.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Eric Raymond Dawson, skipstjóra á brezka togaranum Hekla, GY 118, frá Grimsby, með ákæruskjali, út gefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 13. júní 1955, fyrir meint brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á togara sínum sunnudaginn 12. júní 1955 út af Stokksnesi um 0,7 sjómílu innan við markalínuna samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81 frá 1952. Af hálfu ákærvaldsins eru gerðar þær kröfur, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952 sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, að afli og veiðarfæri togarans Hekla, GY 118, verði gerð upptæk og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Eric Raymond Dawson, er fæddur 25. júní 1922 í Englandi, og hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Sunnudagsmorguninn hinn 12. þ. m. var varðskipið Sæbjörg á eftirlitsferð út af Vestrahorni og var á vesturleið. Veður var gott, A 4 og súld. Kl. 06,02 var tekin radarmiðun af Stokksnesi réttvísandi 329°, fjarlægð 4.0 sjómílu. Vegmælir sýndi 75.6. Stýrt var í 244° réttvísandi. Kl. 06,09 sást skip í radar 15° á stjórnbörða, fjarlægð 3.5 sjómílu, og var þá stefnt á skipið. Sýndi vegmælir þá 76.5, og gefur það stað skipsins 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 06,15 sást togarinn, sem hélt í austlæga stefnu. Kl. 06,20 sáust hlerar hangandi í stjórnbörðsgálum. Klukkan 06,25 sneri togarinn út, og sást þá, að hann var að toga með bakborðsvörpu. Varðskipið gaf stöðvunarmerki og skaut 3 lausum skotum. Nam þá togarinn staðar og byrjaði að hala upp botnvörpuna, og var þá samstundis sett út dufl fast við hlið togarans. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið með ratsjanni: Stokksnes réttvísandi 08°, fjarlægð 4.0 sjómílu, dýpi 65 metrar, og gefur það stað togarans 0,7 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Skipstjóri togarans var nú sóttur og honum tilkynnt, að hann hefði verið að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, og honum sýndur staðurinn í sjókorti. Var síðan farið að duflinu og ákærða sýnd miðunin og fjarlægðin í ratsjanni. Viðurkenndi hann, að staðurinn væri réttur, en kvaðst hafa farið óviljandi inn fyrir takmörkin. Kvaðst hann hafa verið niðri að börða, þegar varðskipið kom. Var honum boðið að bíða,

þar til birti, en hann afþakkaði það, og kvaðst hafa séð sjálfur í ratsjónni sinni, að skip hans var komið eina sjómílu inn fyrir takmörkin, þegar hann kom frá því að borða. Var ákærða síðan tilkynnt, að farið yrði með hann til Vestmannaeyja og duflið tekið inn. Var þá aftur tekin miðun og fjarlægð við duflið, og gaf það sömu raun og áður.

Mælingarnar með ratsjá voru gerðar af skipherra varðskipsins og I. stýrimanni, og er frásögnin hér að framan samkvæmt skýrslu skipherrans, og hefur hún verið staðfest fyrir dómi af honum og I. stýrimanni.

Er skýrsla skipherra var þýdd fyrir ákærða í dóminum, kvað hann hana rétta að öllu leyti. Tók hann fram, að hann hefði þó ekki verið með skip sitt innan við fiskveiðitakmörkin að vilja sínum. Lagði hann fram skýrslu, sem þýdd var af dómtúlknun, og er hún þess efnis, að hann hafi, eftir að botnvörpunni var varpað útbyrðis síðast, sagt manni þeim, er var við stýrið, að stýra A til N, en ákærði hafi síðan farið niður í skipið til þess að snæða. Þegar ákærði kom upp, tók hann strax eftir því, að stefnan var NA til N í stað A til N, og lagaði hann stefnuna, en kom í sama bili auga á varðskipið, er skipaði honum að nema staðar. Segir ákærði, að hann hafi síðan borið sig saman við loftskeytamann togarans, er hafi staðfest, að togarinn væri hér um bil 1 mílu innan við takmörkin.

Með eigin játningu ákærða, sem styðst einnig við skýrslur varðskipsmanna, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, verður að telja það fullsannað, að ákærði hafi sunnudagsmorguninn 12. þ. m. verið að botnvörpuveiðum með skipi sínu Hekla, GY 118, út af Stokksnesi 0,7 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21/1952, og hefur því ákærði gerzt brotlegur gegn lögum nr. 5/1920, 1. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber því að láta hann sæta refsingu fyrir það samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/1952, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920 sbr. lög nr. 5/1951.

Togarin Hekla er 354.26 brúttórúmllestir að stærð. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 74.000 króna sekt í Landhelgisgöð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Hekla, GY 118,

skal upptækur ger og andvirði hans renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Eric Raymond Dawson, greiði 74.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Hekla, GY 118, skulu upptæk ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1956.

Nr. 34/1955. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs (Egill Sigurgeirsson) gegn

Böðvari Sigurðssyni (Vilhjálmur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Endurheimta aðflutningsgjalds af bókum.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm sem setudómari.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1955. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.